



Skagafjörður
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkróki

Garðabær, 18.6.2025
Málsnúmer: 202505-0039
MH

Efni: Deiliskipulag fyrir athafnasvæði AT-403 á Sauðárkróki

Vísað er til erindis Skagafjarðar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 21. maí 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði AT-403 á Sauðárkróki.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um málið á fyrri stigum, þ.e. um skipulagslýsingu þann 14. ágúst 2024 og um vinnslutillögu þann 4. mars 2025. Í þeim umsögnum kom fram að hluti skipulagssvæðisins liggur innan svæðis sem stofnunin hefur tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár, með vísan í vistgerðir á landi, ferskvatnsvistgerða og fuglalífs.

Í greinargerð með skipulagstillögunni kemur fram að fuglalíf sé talsvert austan Sauðárkróksbrautar, einkum við Fornós og lítinn poll sem staðsettur er um 35 m austan vegarins. Bent er á að fuglalíf sé þó enn fjölbreyttara þegar austar dregur, utan skipulagssvæðisins. Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fuglalíf eru metin óveruleg.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna en leggur áherslu á að við framkvæmdir verði sýnt ríkt tillit til fuglalífs, meðal annars með því að forðast rask á varptíma fugla.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur